**Stjórnarfundur FNS**

**Fundargerð - vefútgáfa**

**Föstudaginn 2. desember, kl. 13:30 í Kringlunni**

**Mættir:** Ingibjörg, Unnur, Soffía, Helga, Kristín Birna og Þuríður. Margrét var á Skype.

1. Dagur náms- og starfsráðgjafar, dagurinn heppnaðist mjög vel.
    a. Kostnaður = innan skynsamlegra marka.
    b. Niðurstöður hópavinnu. Vinnufundur stjórnar verður haldinn í janúar til að fara yfir punktana, tökum frá hálfan dag til þess.
2. Ráðstefna IAEVG í Madrid. Vel heppnuð og almenn ánægja. Vonandi mun stjórn FNS standa fyrir annarri svona hópferð á næstu árum.
3. Könnun kjaramála. 100 ráðgjafar tóku þátt af 305 sem eru í félaginu. Helga ætlar að vinna meira í þessum gögnum og taka með á vinnufundinn í janúar. Stefnum á fund með Capacent með stjórn FNS ásamt fulltrúum kjararáða fyrir lok janúar 2017.
4. Framhaldsskólakynning, Íslandsmót iðn og verkgreina. Framhaldsskólar eru búnir að skrá sig. Framhaldsskólakynningar eru 16-18 mars 2017. Styrkja á skóla utan af landi en ekki skýrt með fjármagn, verið er að vinna í því. FNS verður með kynningu en ennþá er óljóst hvernig aðkoman verður.
5. Verkefni Jafnréttisstofu. Þuríður fór á vinnufund á Akureyri, verkefni er í m.a. í samstarfi við VMA, HA, Oddeyrarskóla, Félag hjúkrunarfræðinga og FNS. Þuríður situr fyrir hönd FNS í sérfræðihópi sem hittist einu sinni á önn. Hugmyndin er að vinna gegn kynbundinni skiptingu í náms – og starfsgreinum sem tekur 2 ár.
6. NFSY formennskan 2017. Skipuð verður alþjóðanefnd sem vinnur að þessu verkefni. Þarf að koma lagabreyting á aðalfundi félagsins. Formaður og gjaldkeri alþjóðanefndar fara út og taka við formennskunni 29. apríl í Finnlandi.
7. Kynningarmyndbönd. Ekki má birta seinasta myndband sem búið var til, þurfum að klára styrkinn áður en hann rennur út um áramótin.
8. Styrkir KÍ, FNS getur sótt um styrki til að halda fræðslu fyrir félagsmenn.
9. Sækja þarf um SEF styrk 17. janúar til að halda sumarnámskeiðnámskeið fyrir framhaldsskólaráðgjafa.
10. Ályktun um stefnumótun verður send nýjum ráðherra þegar það verður komið á hreint.

Garðabær, 12. desember 2016

Unnur Símonardóttir, fundarritari